



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. 06. 2023
USK23020173

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tafir á sorphirðu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. 03. 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins.

Ábendingar hafa borist um töf á sorphirðu í allt að 4-5 vikur
Flokkur fólksins hefur fengið all margar ábendinga að ekki hefur verið sorphirða við hús fólks og tafir séu jafnvel allt að 5 vikur og eru skýringar settar á veður/færð
Óskað er upplýsinga um hverju þetta sætir og hvort svo mikil töf á sorphirðu sé réttlætanleg jafnvel þótt illa ári?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Svar við fyrirspurn:

Tímabundnar tafir urðu á sorphirðu í Reykjavík eftir að fór að snjóa laugardaginn fyrir jól. Unnið var á laugardögum við hirðu á blönduðum úrgangi og aldrei voru tafir á þessum úrgangsflokki.
Hirða á pappír og plasti tafðist um viku. Hratt gekk að vinna upp tafirnar, eða sem nemur einni hirðuumferð (3 vikur) yfir alla borgina séð. Tafir urðu aldrei meiri en nokkrir dagar í einstökum hirðuhverfum.
Eftir það hefur hirðutíðni haldist rétt, en hirðudagsetningar á endurvinnsluefnum hafa hliðrast miðað við hirðudagtal.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Friðrik Gunnarsson
skrifstofa umhverfisgæða